

# Héraðsdómur Reykjaness

Dómur 2. janúar 2025

Mál nr. S-122/2024:

## Ákærvaldið

(*Daníel Reynisson aðstoðarsaksóknari*)

gegn

**X,**

(*Gunnhildur Pétursdóttir lögmaður*)

og

**Z**

(*Guðbrandur Jóhannesson lögmaður*)

## Dómur

Mál þetta, sem var dómtekið 7. nóvember sl., höfðaði lögreglustjórinn á Suðurnesjum með ákæru, útgefinni 8. janúar 2024, á hendur X, fd. [...], ríkisborgara [...], og Z, fd. [...], ríkisborgara [...], fyrir eftirfarandi brot gegn barnaverndarlögum og lögum um útlendinga;

„I.

Gegn ákærða X fyrir barnaverndarlagabrot, með því að hafa frá árinu 2019 allt til 28. apríl 2022, sem forsjár- og umsjáraðili sonar síns, A, fd. [...], ríkisborgara [...], vanrækt A andlega og líkamlega svo heilsu hans var hætta búin, sýnt honum vanvirðandi háttsemi og sært hann, en ákærði sendi A frá [...] árið 2019 og vissi að hann dvaldi í kjölfarið með skyldmendum við bágbornar aðstæður í Grikklandi og Svíþjóð allt til 28. apríl 2022, en þrátt fyrir að A hafi á þessu tímabili ekki fengið viðhlítandi lækniþjónustu eða aðstoð við sjúkdómi sínum og öðrum kvillum, hann hafi aldrei fengið að fara í leikskóla eða grunnskóla og hann hafi búið við vanrækslu og ofbeldi af hálfu skyldmenna, kom ákærði A ekki til aðstoðar, heldur lét sér velferð og aðbúnað hans í léttu rúmi liggja, þó svo að hann hafi vitað hvar A væri og haft möguleika á að vera í samskiptum við A og þá aðila sem hann dvaldi hjá.

Telst háttsemi þessi varða við 98. gr. og 1. mgr. og 3. mgr. 99. gr. barnaverndarlaga nr. 80/2002.

II.

Gegn ákærða Z fyrir brot gegn lögum um útlendinga, með því að hafa skipulagt, flutt og aðstoðað ólöggráða frænda sinn, A, fd. [...], ríkisborgara [...], við að koma ólöglega

til Íslands þann 28. apríl 2022. Ákærði sótti A á dvalarstað hans í [...] í Svíþjóð, fór með hann til Kaupmannahafnar og ferðaðist þaðan með hann til Íslands með flugi [...], þann 28. apríl 2022, en eini tilgangur ákærða með ferðinni var að sækja um alþjóðlega vernd fyrir A og sjálfan sig hér á landi. Við afskipti lögreglu í Flugstöð Leifs Eiríkssonar framvísaði ákærði vísvitandi ekki vegabréfum hans eða A eða öðrum lögmætum skilríkjum, en þau reyndust falin í ferðatösku hans.

Telst háttsemi ákærða varða við f. lið 2. mgr. 116. gr. laga um útlendinga nr. 80/2016.

Þess er krafist að ákærðu verði dæmdir til refsingar og til greiðslu alls sakarkostnaðar. “

Ákærði X krefst þess aðallega að málinu verði vísað frá dómi en til vara sýknu og til þrautavara vægustu refsingar er lög leyfa. Þá er gerð krafa um að málsvarnarlaun verjanda greiðist úr ríkissjóði. Ákærði Z krefst sýknu, til vara að honum verði ekki gerð refsing og til þrautavara að honum verð gerð vægasta refsins er lög leyfa. Þá gerir verjandi kröfu um málsvarnarlaun sem greiðist úr ríkissjóði.

## I

### *Málsatvik*

Samkvæmt frumskýrslu lögreglu barst tilkynning 28. apríl 2022 vegna tveggja einstaklinga í brottfararsal Flugstöðvar Leifs Eiríkssonar, sem höfðu komið frá Kaupmannahöfn án vegabréfs en með útprentuð afrit [...] vegabréfa, og óskuðu eftir alþjóðlegri vernd hér á landi. Lögreglumenn sem fóru á vettvang hittu fyrir Z, fæddan [...], annan ákærðu, og drenginn A, fæddan [...]. Ákærði Z, sem hafði orð fyrir þeim, talaði afar takmarkaða ensku og kvaðst hafa verið á vergangi víðs vegar með drenginn í þrjú ár en var ekki viss hvar þeir hefðu verið. Beðinn um að benda á löndin á heimskorti kvaðst hann ekki tala ensku og gat engu svarað um tengsl við drenginn, sem sagði ekkert við lögreglu.

Ákærði Z, sem var ítrekað að senda hljóðskilaboð og svara slíkum skilaboðum, var færður á varðstofu ásamt drengnum. Annar lögreglumannanna fékk að skoða símann en samkvæmt símtalaskrá voru símanúmerin þýsk, sænsk og [...]. Teknar voru ljósmyndir og fingraför af ákærða og drengnum, auk þess sem mæld voru hæð og þyngd. Lögregla hafði samband við Útlendingastofnun og barnaverndarnefnd [...] vegna ungs aldurs drengsins og óljósra tengsla hans við ákærða Z.

Lögregla tók skýrslu af ákærða Z í kjölfarið sama dag en hann kvaðst vera fæddur [...] á [...]. Sagði hann drenginn heita A, og vera sonur frænda ákærða, fæddur árið [...] en ákærði mundi ekki hvaða dag. Ákærði sagði að frændi hans og faðir A hétu B og skrifaði nafn hans á arabísku en ákærði kvaðst aðeins skilja það tungumál. B væri um þrítugt og byggði með móður A, C, í sama hverfi í [...] og ákærði.

Ákærði sagðist hafa ferðast með drenginn til að leita lækninga vegna blóðsjúkdóms en vissi ekkert frekar um sjúkdóminn, föður drengsins eða hvernig þeir ætluðu að finna lækni. Drengurinn hefði farið í læknisskoðun á [...] og í [...] en engin lækning fundist. Ákærði kvaðst hafa séð á Google að Ísland væri besta landið til að eiga við sjúkdóminn. Ákærði sagði að þeir drengurinn hefðu farið frá [...] til Egyptalands, þaðan til Ístanbul í Tyrklandi og síðan til Grikklands, þar sem þeir hefðu dvalið í um eitt og hálf ár. Eftir það hefðu þeir farið til Austurríkis, þaðan til Þýskalands, þá til Svíþjóðar þar sem þeir hefðu dvalið í um tvo mánuði, þaðan hefðu þeir farið til Danmerkur og að lokum til Íslands. Þeir hefðu verið tveir allan tímann en drengurinn hefði verið [...] ára þegar þeir hófu ferðalagið. Ákærði sagðist hafa týnt vegabréfum þeirra en þá verið búinn að taka ljósritin sem hann væri með. Ákærði kvaðst ekki þekkja neinn á Íslandi og hafa sótt um hæli á Íslandi því hann hefði frétt að hér væri gott að búa. Ákærði kvaðst hafa verið með skjöl þess efnis að foreldrar drengsins heimiluðu honum að ferðast með son þeirra en hafa tapað þeim þegar hann týndi vegabréfunum. Foreldrar drengsins hefðu þá látið útbúa nýja pappíra í [...] með dagsetningunni 28. mars 2022 og sent honum. Ástæða þess að ákærði og drengurinn væru sagðir búsettir í Svíþjóð í þeim skjölum væri að þeir hefðu dvalið þar þegar skjölin voru útbúin. Ákærði greindi frá því að drengurinn talaði reglulega við foreldra sína í síma.

Í viðtali lögreglu við drenginn sama dag sagðist hann heita A en ekki vita hvað hann væri gamall, í hvaða landi hann hefði búið eða hve lengi hann hefði búið með ákærða. Drengurinn sagðist vita að ákærði hétu Z en ekki vita frá hvaða landi hann væri að koma eða hvernig hann tengdist ákærða, sem kæmi frá [...]. Drengurinn sagðist hafa farið á spítala þegar hann var eins árs vegna veikinda og vera frá [...]. Hann vissi ekki hvar foreldrar hans væru né hvar þau byggju en það væri langt síðan hann hefði séð þau eða heyrt í þeim í síma á Facetime og hann langaði að hitta þau. Aðspurður sagðist hann borða nammi með ákærða. Drengurinn sagðist ekkert vita

nema það sem ákærði hefði sagt honum og ekki vita hversu mörg systkini hann ætti né hvers kyns þau væru.

Lögregla tók í kjölfarið aðra skýrslu af ákærða Z, sem sagði drenginn vera barn sem vissi ekki nöfn landanna sem þeir hefðu ferðast um. Ákærði benti á föður drengsins á Facebook auk samskipta við hann á arabísku á Messenger, en samskiptin báru með sér að hafa staðið stutt yfir en ekki í þrjú ár. Ákærði sagði ástæðuna þá að gamli síminn hefði brotnað en var þá bent á að það skipti ekki máli því sagan á Messenger héldist inni þótt notað væri annað tæki. Ákærði kvaðst þá eyða skilaboðum á Messenger reglulega. Þegar ákærði var beðinn um að færa sönnur á ferðalag sitt og drengsins sl. þrjú ár sagði hann að fólkið sem hefði borgað ferðina fyrir þá tæki símana reglulega af honum og eyddi myndum og því væru bara nýjar myndir í símanum. Ákærði gat aðeins bent á nýlegar ljósmyndir af sér og drengnum í símanum en eldri myndir voru af systur ákærða og fleira fólki. Var talið að ákærði hefði ekki getað sýnt fram á að hann og drengurinn hefðu verið tveir saman á flakki um Evrópu í þrjú ár og honum tilkynnt um það. Eftir skýrslutöku var farið með ákærða og drenginn á hótél vegna ákvörðunar barnaverndaryfirvalda um að aðskilja þá ekki strax. Ákærði var síðan handtekinn daginn eftir og var í kjölfarið úrskurðaður í gæsluvarðhald en barnaverndaryfirvöld tóku við drengnum.

Tekin var lögregluskýrsla af ákærða Z 3. maí 2022 að viðstöddum túlki. Þar greindi ákærði frá því að hann hefði skilið drenginn eftir hjá systkinum föður síns í Svíþjóð er hann hefði sjálfur farið til [...] til að gifta sig 24. mars. Drengurinn væri veikur, e.t.v. [...]. Ákærði kvaðst ekki vita hvað amaði að honum. Kvað hann drenginn vera son föðurbróður síns. Þeir hefðu ferðast saman í þrjú ár og farið frá Tyrklandi til Grikklands því faðir drengsins væri að reyna að láta lækna hann. Frændi ákærða væri með sex börn í einu herbergi, hann hefði sagst vera þreyttur og beðið ákærða um að fara með strákinn til að láta lækna hann.

Tekin var lögregluskýrsla af ákærða 9. maí 2022 að viðstöddum túlki. Þar greindi ákærði frá því að hann hefði farið frá [...] til Grikklands árið 2019, þar sem hann hefði fengið pappíra og ferðaskilríki og dvalið til 28. desember 2020 en þá farið til föðurbræðra í Svíþjóð. Þeir, þ. á m. D, hefðu hrætt ákærða frá því að sækja þar um alþjóðlega vernd og sagt að hann fengi ekkert í Svíþjóð því hann væri með dvalarleyfi í Grikklandi með fingraför á skrá. Ákærði kvaðst hafa lent á götunni en fengið vinnu og leiguhúsnaði, farið til Þýskalands 28. febrúar 2021 og dvalið þar til 22. mars 2022.

Systir ákærða og síðan móðir hefðu verið veikar og því hefði hann farið til [...]. Þar hefði hann hitt frænku móður sinnar sem hann hefði gifst. Ákærði hefði hitt föðurbróður sinn sem hefði heyrt af vandræðum ákærða í Svíþjóð en sonur hans væri á sama stað og væri í vandræðum. Ákærði hefði því farið til Svíþjóðar því hann hefði ekki viljað láta drenginn vera í slæmum aðstæðum en drengurinn hefði dvalið hjá D, sofið á gólfinu og ekki fengið almennilega að borða eða drekka og ekki haft stjórn á þvagi. Keyptir hefðu verið flugmiðar til Íslands frá Danmörku 28. apríl 2022 því það hefði verið ódýrara. Þeir hefðu verið heppnir að lenda ekki í eftirliti á leiðinni. Frændi í Svíþjóð hefði sagt að ákærði yrði að segjast hafa verið með drenginn undanfarin þrjú ár og að þeir mættu ekki framvísa neinum pappírnum því þá ættu þeir á hættu að vera sendir aftur til Grikklands án þess að ná að sækja um alþjóðlega vernd. Ákærði kvaðst eiga marga ættingja á Íslandi og í Svíþjóð og skrifaði nöfn þeirra upp. Drengurinn hefði farið frá [...] með móðurbróður sínum, E, sem væri nú í Svíþjóð. Pappírar varðandi forsjá ákærða yfir drengnum hefðu verið gerðir og afhentir ákærða af föður drengsins, ákærða X, í [...]. Ákærði kvaðst aðspurður hafa átt að fara með drenginn til Íslands til að hann fengi alþjóðlega vernd og síðan yrði óskað eftir fjölskyldusameiningu. Aðspurður kvaðst ákærði hafa greitt flug- og lestarmiða sína en D og fleiri hefðu greitt fyrir drenginn.

Tekin var lögregluskýrsla af ákærða Z 18. maí 2022 að viðstöddum túlki, þar sem hann greindi frá atvikum með sama hætti og í skýrslu 9. maí. Ákærði kannaðist ekki við að hafa sótt um vernd í Þýskalandi eða Svíþjóð. Ákærði greindi frá því að ákærði X hefði beðið hann að fara með drenginn til Íslands því þar væru ættingjar hans. Ákærði kvaðst hafa heyrt að gott væri að búa á Íslandi og að ákærði X hefði sagt í [...] að ákærði gæti komið með ættingja og eiginkonu til landsins. Ákærði kannaðist ekki við að hafa átt bókuð flug til Íslands 6. desember 2021 og 5. febrúar 2022.

Í viðtali hjá Útlendingastofnun 19. maí 2022 greindi ákærði Z m.a. frá því að margir ættingja hans væru með dvalarleyfi hér á landi. Ákærði kvaðst vera með fulla forsjá yfir drengnum sem hefði komið með honum til landsins. Ákærði sagðist hafa farið frá Þýskalandi til [...] vegna veikinda móður og þar hefði faðir drengsins beðið ákærða um að taka drenginn, sem væri veikur, með til Íslands en ákærði kvaðst ekki vita hvað amaði að honum. Drengurinn hefði á þeim tíma dvalið í Svíþjóð hjá móðurbróður sem hefði upphaflega farið með drenginn til Grikklands, þeir fengið þar vernd, en síðan hefðu þeir farið til Svíþjóðar og þá hefði drengurinn dvalið hjá öðrum

frænda sínum. Drengnum hefði liðið illa hjá honum, en ákærði kvaðst einnig hafa slæma reynslu af þeim frænda, og því ákveðið að taka drenginn með til Íslands að beiðni föður, sem væri sonur föðurbróður síns að nafni X. Ákærði kvaðst hafa gift sig í [...] 12. apríl 2022, farið þaðan daginn eftir til Svíþjóðar og þaðan 27. apríl sama ár til Kaupmannahafnar því það hefði verið ódýrast að fljúga frá Danmörku. Ákærði sagði foreldra drengsins vera í [...] en faðir drengsins hefði verið að reyna að flýja þaðan til að sameinast drengnum og fá alla fjölskylduna til Íslands. Ákærði kvaðst hafa hitt drenginn í Grikklandi árið 2020, hafa dvalið þar í rúmt eitt og hálf ár og fengið þar vernd. Ákærði kvaðst ekki vilja snúa aftur til Grikklands því þar hefði enga aðstoð verið að fá með húsnæði eða framfærslu og enga vinnu að fá, auk þess sem enginn aðgangur hefði verið að heilbrigðisþjónustu.

Samkvæmt tölvupósti frá stoðdeild ríkislögreglustjóra til lögreglunnar á Suðurnesjum, dags. 29. apríl 2022, fundust fingraför ákærða Z í gagnagrunninum Eurodac. Hann hefði sótt um alþjóðlega vernd í Grikklandi árið 2019 og fengið vernd eða dvalarleyfi í kjölfarið. Hann hefði sótt um alþjóðlega vernd í Þýskalandi árið 2021 en fengið synjun þar sem hann hefði þegar verið kominn með alþjóðlega vernd. Sama dag sendi lögreglan á Suðurnesjum beiðni til alþjóðadeildar um að saga A og ákærða Z hjá löggæsluáðilum í Svíþjóð yrði könnuð. Tengsl þeirra væru óljós og óvíst hversu lengi drengurinn A hefði verið í fylgd með ákærða sem hefði framvísað skjölum, dags. 28. mars 2022, sem hefðu átt að staðfesta að hann mætti ferðast með A til annarra landa. Í þeim gögnum hefði komið fram að þeir væru báðir búsettir í Svíþjóð.

Í málinu liggur fyrir skýrsla um rannsókn á [...] skjali, dags. 4. maí 2022. Um er að ræða yfirlýsingu á arabísku um forsjá, útgefna af dómstóli á [...] í [...]. Þýðing skjalsins á ensku fylgir með en þar kemur fram að skjalið varði forsjá barnsins A (fd. [...]) og að faðir barnsins veiti Z umboð til að fara með öll mál barnsins. Ályktun vegna rannsókna á báðum skjölum var að skjal um yfirlýsingu um forsjá væri að forminu ótraust. Ekkert yrði fullyrt um innihald.

Meðal gagna málsins er læknisvottorð G barnalæknis vegna A, dags. 10. maí 2022. Þar kemur m.a. fram að drengurinn hafi verið skoðaður í Barnahúsi sama dag að beiðni lögreglustjórans á Suðurnesjum en lögreglan telji rökstuddan grun um að barnið hafi verið misnotað kynferðislega. Við skoðun komi fram að um sé að ræða rúmlega [...] árs gamlan dreng. Drengurinn hafi verið samvinnuþýður og auðveldur í skoðun en hann sé fremur [...]. Við skoðun í munnholi komi í ljós skemmdar

barnatennur en engin áverkamerki í munnholi eða koki. Við skoðun á [...]. Á vinstri sköflungi hafi verið gróið sár sem líktist brunasári og aðspurður hafi drengurinn sagt að hann hefði brennt sig á eldavél í Svíþjóð. Engin áverkamerki við kynfæri og endaparmssvæði eðlilegt á að líta, engin útvíkkun og eðlilegur tonus í endaparmsvöðva. Við skoðun á Barnaspítala Hringins 3. maí 2022 hefði verið tekið [...]. Álit: Almenn líkamsskoðun leiðir því ekki í ljós neitt sem bendi til þess með öruggum hætti að drengurinn hafi [...] þó að það sé að sjálfsgöðu ekki útilokað.

Meðal gagna málsins er upplýsingaskýrsla lögreglu, dags. 5. maí 2022, um þýðingu á greinargerð fósturforeldra A. Þar kemur fram að greinargerðin sé skrifuð á góðri ensku en skýrsluritari hafi ákveðið að skrifa hana þannig upp og sett hana í heilu lagi inn í Google translate, í kjölfarið hefði skýrsluritari lagað orðalag hér og þar til að gera hana læsilegi og til að sjá til þess að það sem komi fram í greinargerðinni skili sér að fullu í þýðingu. Afrit upprunalegs bréfs fósturforeldra og þýtt eintak fylgja skýrslunni. Í þýðingunni, sem skiptist í þrjá kafla eins og enska greinargerðin, segir m.a.:

Yfirlit: A hefði verið ánægður að hitta börn fósturforeldra og leika við þau. Hann hefði þekkt þrjá aðila á ljósmynd sem D, F og E. A hefði sagt að E hefði komið með sér frá [...]. A virtist ekki vera með á hreinu hvernig maðurinn sem kom með honum til Íslands væri skyldur honum. Fyrst hefði hann sagt manninn vera frænda sinn í föðurætt en stuttu síðar að hann væri frændi sinn í móðurætt. A hefði sagt að maðurinn hétu Z en það væri ekki sami maður og hefði ferðast með honum frá [...] en sá hétu E. A hafi ekki virst sakna foreldra sinna eða fjölskyldu en hann hafi aðeins einu sinni minnst á að foreldrar væru á [...] og að hann ætti mörg systkini. Þá hafi komið fram hjá drengnum að Z ætti í einhverjum deilum við föður hans vegna peninga.

Misnotkun: A hefði greint fósturforeldrum frá því að hafa verið beittur kynferðisofbeldi hjá fósturforeldrum í Svíþjóð af hálfu manneskju að nafni H. A hefði lýst því þannig: „Hann stakk typpinu sínu í munninn á mér og bað mig að sjúga það.“ A hefði talið á fingrum sér átta skipti sem H hefði gert þetta við hann og H hefði hótað að drepa A ef hann segði frá þessu. H væri sonur manns að nafni D en A hefði dvalist hjá þeim í Svíþjóð. Þá kæmi fram að A hefði sýnt undarlega hegðun með því að hafa reynt að klæða son fósturforeldra úr fötunum og snert líkama hans. Er þau hefðu rætt þetta við A hefði hann sagt að aðili að nafni I hefði kennt honum þetta. I væri sonur J

en A hefði einnig dvalið hjá þeirri fjölskyldu í Svíþjóð. Þá hefði A greint frá líkamlegu ofbeldi af hálfu annarra barna sem og fullorðinna, sem öll hefðu lamið hann.

Heilbrigðisástand barnsins: A sé með [...]. A sé mögulega [...]en hann hefði sagt að hann hefði nánast aðeins borðað egg og stundum hrísgrjón en aldrei kjöt eða ávexti. Hann þjáist af [...]. Hann þurfi eftirlit [...]. A þurfi að fara í [...] því hann sé með [...] sem hann hafi ekki getað útskýrt. Þá þurfi hann að fara til [...]. [...]. Hann hafi talað um erfiðleika við að búa í tjaldi í Grikklandi en þar hafi hann verið meira og minna skilinn einn eftir. Maðurinn sem hefði verið með honum hefði læst tjaldinu með lykli og skilið hann þannig eftir.

Þann 23. maí 2022 var tekin skýrsla í Barnahúsi af drengnum A, sem var mjög eirðarlaus og átti erfitt með að greina frá. Kvaðst hann vera [...] ára og hafa búið í Svíþjóð áður en hann kom til Íslands. E, frændi hans, hefði farið með hann í flugvél til Svíþjóðar en drengurinn kvað hann hafa barið sig í Grikklandi og Svíþjóð. Í Svíþjóð hefði hann búið með frænda sem hétu D sem væri vondur maður og ísskápurinn verið tómur. Börn D, sem væru fullorðið fólk, þ. á m. H, hefðu barið sig í ökkla, öxl og handlegg með höndum og slöngu eða járn. Drengurinn kvaðst hafa átt heima á [...] í [...] með foreldrum sínum áður en hann hefði farið til Svíþjóðar vegna veikinda. Móðir hans hétu K og faðir hans X. Drengnum voru sýndar myndir og kannaðist hann við E og I, D og F sem hann sagði alla vera frændur sína í Svíþjóð. Drengurinn sagði að ákærði Z hefði komið með sig til Íslands en hann hefði ekki barið sig. Þá spurði A hvort það ætti að vísa sér úr landi og virtist óttast það.

Fyrir liggur samantekt af hálfu félagsþjónustu [...] til lögreglunnar, dags. 4 ágúst 2022, undirrituð af L, þar sem segir m.a. að verjandi ákærða Z hafi óskað eftir að hann eða foreldrar drengsins A fengju upplýsingar um líðan og stöðu hans. Haldinn hefði verið fundur með móður og túlki 20. júlí 2022 í gegnum samskiptaforritið WhatsApp. Móðir hefði þar m.a. greint frá því að drengurinn hefði verið veikur sem barn og fjölskyldan sent hann frá [...] til að hann fengi betri heilbrigðisþjónustu. Ástæða þess að hann hefði komið til Íslands væri sú að frændi sem hann hefði dvalið hjá í Svíþjóð hefði ekki getað haft drenginn lengur. Kvað hún tvær frænkur og tvo frændur hafa átt að taka við umsjá drengsins á Íslandi. Drengurinn hefði dvalið hjá D í Svíþjóð. Faðir drengsins væri í Tyrklandi að leita hans því þau hefðu ekki fengið neinar fréttir af því hvar hann væri en hún hefði haldið að drengurinn hefði fengið gott

atlæti í Svíþjóð. Móðir gat ekki gefið upplýsingar um [...] drengsins en vísaði til þess að gögn þar að lútandi hefðu farið með honum frá [...] en hún myndi afla þeirra upplýsinga og koma áleiðis. Engin gögn höfðu borist er samantekin var rituð. Óskaði móðirin eftir myndsímtali með drengnum en ekki varð af því þar sem starfsmenn barnaverndar töldu sig ekki með óyggjandi hætti geta uppfyllt skilyrði lögreglu um fyrirkomulag.

Skýrsla um afritun og rannsókn á síma ákærða Z, dags. 23. ágúst 2022, liggur fyrir. Þar kemur m.a. fram að skráð var eitt íslenskt símanúmer undir tengiliðum, sem samkvæmt kerfum lögreglu tilheyrði Z. Þrjú símtöl sáust við tengiliðinn 27. apríl 2022, en þar af var einu ekki svarað, og tvö símtöl daginn eftir, þann 28. apríl, sem hvorugu var svarað. Sjáanleg Messenger-samskipti við aðila sem sagður var faðir drengsins hófust 4. mars 2022 og héldu áfram til 28. apríl sama ár. Samkvæmt skýrslu lögreglu, dags. 31. ágúst 2022, kom túlkur á lögreglustöð 1. júní 2022 og túlkaði hljóðskilaboð og skilaboð á arabísku úr Messenger-samtölum ákærða Z við tvo aðila, annar væri líklegur faðir drengsins A með nafn á arabísku á Facebook sem þýðist Hemo System og hinn mögulega frændi þeirra, E, sem væri grunaður um að hafa farið með A frá [...]. Í samtali við Hemo System óski hann Z góðrar ferðar. Hann hafi ekki viljað senda Z til Tyrklands eða [...] heldur á öruggan stað og segist vona að allt gangi vel. Einhverjum dögum síðar hafi hann spurt hvernig gangi og hafi greinilega verið óþreyjufullur að fá svör. Hann hafi bætt við að ef ekkert væri að gerast hjá Z þurfi hann sjálfur (Hemo System) að gera eitthvað í því. Z hafi sagt að þeir væru komnir til Íslands og allt væri í góðu. Samskipti við E hafi verið eilítið óskýrari og vantað mikið inn í samtalið.

Þann 1. nóvember 2022 var drengnum A veitt alþjóðleg vernd með ákvörðun Útlendingastofnunar og dvalarleyfi til fjögurra ára í kjölfarið. Ákærða Z var einnig veitt alþjóðleg vernd með ákvörðun Útlendingastofnunar 28. febrúar 2023 og í framhaldi dvalarleyfi til fjögurra ára.

Félagsþjónusta [...] sendi lögreglu tölvupóst um viðtal við ákærða X, þann 14. desember 2022. Ákærði kvaðst hafa farið með drenginn frá [...] í apríl 2019 vegna veikinda drengsins sem honum hefði verið tjáð að væri krabbamein og að ekki fengist heilbrigðisþjónusta þar. Ákærði kvaðst ekki hafa verið hleypt í gegnum Egyptaland og því sent drenginn áfram með móðurbróður að nafni E, sem hefði farið til Svíþjóðar með drenginn í febrúar 2021. Þar hefði ættingi ákærða að nafni D tekið við drengnum.

Ákærði sagði að þaðan hefði drengurinn átt að fara til Íslands því þar væri besta heilbrigðisþjónustan til að sinna honum. Aðspurður um að það væri undarlegt að drengurinn hefði dvalið í ár í Svíþjóð án þess að vera skráður þar eða leitað eftir lækningu og síðan sendur til Íslands með ókunnum frænda án þess að öryggi hans væri tryggt svaraði ákærði því til að hann væri sáttur við að drengurinn væri á Íslandi og liði vel. Ákærði kvaðst hafa áhyggjur af drengnum en væri nú að einbeita sér að því að koma eiginkonu og börnum, sem væru sex og það sjöunda á leiðinni, til Íslands. Ákærði kvaðst hafa verið í miklum samskiptum við drenginn er hann dvaldi í Grikklandi og Svíþjóð en lítið heyrt eftir að drengurinn kom til Íslands og þess vegna komið til landsins.

Í upplýsingaskýrslu um sakaferil ákærða Z erlendis, dags. 6. september 2023, kemur m.a. fram að 15. ágúst 2022 hefði borist svar frá löggæsluyfirvöldum í Þýskalandi um að ákærði hefði verið skoðaður á flugvelli í Berlín 28. febrúar 2021 við komu frá Stokkhólmi. Hann hefði verið með grísk ferðaskilríki fyrir útlendinga og grískt dvalarleyfi fyrir flóttamenn. Í farangri hans hefði fundist [...] vegabréf hans sem hefði innihaldið tyrkneska áritun. Ákærði hefði sagst vera að heimsækja M. Þann 4. mars 2021 hefði ákærði óskað eftir alþjóðlegri vernd í Þýskalandi en farið aftur til Grikklands 21. mars sama ár, þar sem hann var með vernd þar. Þann 17. ágúst 2022 hefði borist svar löggæslufirvalda í Grikklandi um að ákærði væri á sakaskrá þar í landi vegna brots á lögum um útlendinga. Z væri með stöðu flóttamanns í Grikklandi og hefði fengið útgefín ferðaskilríki fyrir útlendinga 16. október 2020.

Í upplýsingaskýrslu lögreglu um fæðingarvottorð, dags. 6. september 2023, segir að fram komi á fæðingarvottorði A, útgefnu af [...] yfirvöldum, að foreldrar væru X og C og hann væri fæddur [...]. Einnig liggur fyrir upplýsingaskýrsla lögreglu, dagsett sama dag, um [...] pappíra og [...] -fjölskyldutengsl. Þar kemur fram að við rannsókn hefðu fundist [...] pappírar í farangri ákærða Z 4. maí 2022. Um væri að ræða skjal, útgefið af innanríkisráðuneyti [...] 10. apríl 2022, með lista 26 afkomenda [...] og tveggja eiginkvenna hans, X fd. [...], væri einn skráðra afkomenda en hann væri faðir A.

Fyrir liggur upplýsingaskýrsla lögreglu um erlend sjúkragögn A, dags. 7. september 2023, ásamt gögnunum á arabísku og ensku. Þar kemur fram að fundist hefðu [...] pappírar í farangri ákærða Z 4. maí 2022. Þeir væru merktir, undirritaðir og stimplaðir, annars vegar af [...] yfirvöldum og hins vegar af [...], [...] sjúkrahúsinu

í [...]. Blaðsíður 1 og 5 séu á arabísku og hafi verið þýddar af arabískum túlki, en blaðsíður 2–4 séu á ensku og hafi verið þýddar af enskum túlki. Eru þær merktar I–III. Tekið er fram að nafn A sé óskýrt á einhverjum blaðsíðum en númer persónuskilríkja sé alltaf það sama. Á bls. 1 er yfirskriftin [...]stjórn, Heilbrigðisráðuneyti, Framkvæmdastjórn lækninga erlendis. Sjúkrahús: [...]. Þar kemur m.a. fram: Nafn: A. Persónuskilríki nr.: [...]. Fæðingardagur [...]. Samantekt á heilsufari sjúklings: [...]. Prentað dags: 16.07.2018. Þrjú næstu skjöl bera með sér að drengur fæddur [...] með kt. [...] hafi farið á sjúkrahús. Fyrsta heimsóknin hafi verið á [...]sjúkrahúsið 12. mars 2017, vegna [...] frá [...] aldri. Í síðasta tilvikinu varð vart trefjatrufllana. [...] hafi orðið vart í fjölskyldunni. Sjúklingurinn komi vel úr rannsóknum, ástand hans almennt gott, engin blámamerki, engin óeðlileg merki úr öndunarferum. Þó hafi borið á [...]. [...] Mælt er með flutningi á [...] sjúkrahús, til exon-rannsóknar á öllu frumukerfi. Næst hafi hann komið á [...]sjúkrahúsið 2. apríl 2017 en nafnið er tilgreint N. Aldur [...] mánaðar. Þar segir m.a. að [...] mánaðar drengur hafi komið á sjúkrahúsið vegna [...]. Farið var með drenginn á [...]sjúkrahúsið til skoðunar og meðferðar, m.a. var [...] framkvæmd ásamt [...]. Í ágúst 2016 hafi umönnunarlækna grunað að drengurinn gæti [...] og var komið með hann á sjúkrahúsið að frumkvæði ömmu hans. Drengurinn hafi verið með [...] frá [...] mánaða aldri, en [...] vandasamari en ella. Hann hafi ekki [...] en einu sinni í viku og engin [...] eigi sér stað. Síðast er komið með drenginn á [...]sjúkrahúsið í [...] 21. ágúst 2017, nafnið er tilgreint [...], en þar segir m.a.: Um er að ræða [...] ára dreng sem komi á sjúkrahús okkar, 4/17, vegna eftirfarandi rannsókna: Endurtekin [...] (leyst), [...] (systir sjúklings), skortur: [...] [...]. Barnið enn með endurtekið [...]. Skoðun hjá Dr. Sara að tveimur mánuðum liðnum. Síðasta skjalið er fæðingarvottorð drengsins A án fæðingardags en með kt. [...], nafn föður X.

Í málinu liggur fyrir tölvupóstur, dags. 14. desember 2022, frá R, félagsráðgjafa [...], með punktum úr viðtali við X, föður A. Þar segir m.a. að X greint frá því að drengurinn A hefði verið með [...] en hann hefði ekki getað fengið heilbrigðisþjónustu í [...]. X hefði ætlað með drenginn og E, móðurbróður drengsins, til Egyptalands 2019 en ekki verið hleypt inn í landið og því hefði hann ákveðið að senda drenginn með E, sem hefði farið með drenginn til ættingja í Svíþjóð í febrúar 2021 og síðan átt að fara til Íslands til að komast undir læknishendur. Skýrsluritari hafi farið yfir að þetta væri mjög undarlegt en X hefði engar skýringar gefið og sagt að hann væri sáttur við að

drengurinn væri á Íslandi en núna væri hann að einbeita sér að koma fjölskyldunni til Íslands. X hefði sagt að hann hefði verið í miklum samskiptum við drenginn í Grikklandi og Svíþjóð.

Tekin var skýrsla hjá lögreglu af ákærða X 16. desember 2022 að viðstöddum túlki. Ákærði kvaðst hafa sent son sinn A til Íslands til að fá lækniástoð, drengurinn hefði fengið útbrot [...] til [...] ára sem hefði lekið úr og þau orðið svört. Hann hefði [...] og lækna haldið að hann væri með [...]. Ákærði kvaðst hafa ætlað að fara til Egyptalands ásamt drengnum og E, bróður eiginkonu sinnar, ákærði hefði verið stöðvaður og þá sagt E að taka drenginn með sér. Þeir hefðu farið til Grikklands, dvalið þar í 20 mánuði og áfram til Svíþjóðar, þar sem þeir hefðu dvalið fjóra til fimm mánuði hjá D, bróður ákærða. E hefði sagst hafa farið með drenginn til læknis í Grikklandi, ákærði kvaðst ekki vita hvort hann hefði fengið lyf en drengurinn hefði ekki fengið lækniástoð í Svíþjóð því hann hefði ekki verið skráður inn í landið, auk þess sem Svíþjóð leyfi ekki fjölskyldusameiningu og taki börn af foreldrum. Ákærði kvaðst hafa hitt ákærða Z á [...] og ásamt eiginkonu sinni gefið honum umboð til að ferðast með drenginn. Ákærði Z hefði fengið skilríki drengsins hjá D, sem hefði borgað flugmiða fyrir ákærða Z og drenginn.

Tekin var önnur lögregluskýrsla af ákærða X 17. apríl 2023 þar sem hann greindi frá því að lækna í [...] hefðu staðfest að drengurinn A væri með [...], sem þeir gætu ekki veitt meðferð við og fara þyrfti með hann til [...] en þetta kæmi fram í vottorði spítalans. Ákærði kvaðst hafa gert það en þar hafi þeir ekkert viljað gera. Ákærði hefði farið nokkur skipti með drenginn til [...] en síðan ekki haft efni á því. Önnur börn ákærða væru einnig veik og dóttir á spítala vegna sömu veikinda og drengurinn. Móðurbróðir drengsins E hefði verið á leið til Tyrklands og spurt hvort hann ætti að taka drenginn með, hann hefði sagt að enga meðferð væri að fá í Tyrklandi og því farið með drenginn til Grikklands, fengið dvalarleyfi þar og síðan ætlað að fara til Svíþjóðar. E hafi ætlað að fara til tannlæknis í Tyrklandi og ætlað að koma aftur til baka en neitað að koma með drenginn heim því hann hefði talið betra að ferðast með veikt barn. Í Svíþjóð hefði hann sagst vera þreyttur á drengnum og látið hann til bróður síns. Ákærði kvað umboð til E til að ferðast með drenginn hafa átt að gilda í eitt ár. Ákærði kvaðst hafa talað við drenginn vikulega í fimm til tíu mínútur meðan þeir dvöldu í Grikklandi en hafa heyrt að drengnum liði ekki nógu vel. Ákærði kvaðst vita að E hefði logið til um að fara með drenginn til læknis því hann

hefði aldrei svarað því hvers konar læknisþjónustu hann hefði fengið. Ákærði kvaðst hafa talað daglega við drenginn meðan hann dvaldi í Svíþjóð og drengurinn hefði ekki viljað fara þaðan. Ekki hefði verið unnt að fara með drenginn til læknis í Svíþjóð því þá hefði þurft að skrá hann sem flóttamann. D eigi [...] ára gamlan son en systir ákærða eigi [...] ára gamlan son að nafni S. Ákærði kvað D hafa lánað sér fyrir flugmiða Z til Íslands.

Meðal gagna málsins er greinargerð um stöðu drengsins A, dags. 13. nóvember 2023, undirrituð af T félagsráðgjafa. Þar kemur m.a. fram að drengurinn hafi verið í vistun rétt fyrir utan [...] frá [...] 2022. Myndast hafi sterk tengsl milli fósturforeldra, barna þeirra og drengsins, sem líti á þau sem fjölskyldu sína. Í myndsímtali á Teams í desember 2022 hafi drengurinn lítið virst þekkja föður eða fjölskyldu en þar sem drengurinn hafi tapað niður móðurmáli hafi þurft túlk. Faðir hafi verið mjög ágengur í símtalinu og ekki vist átta sig á hve lítil tengsl drengsins séu við fjölskylduna. Drengurinn hafi borið mikil merki [...] á ferðalaginu sem hafi haft áhrif á [...]. Hann hafi þurft mikið aðhald og umönnun en hann sé gífurlega kraftmikill og ör, með mikla hreyfiþörf, einbeitingarskort, hvatvísi og tengslavanda og kunni engin mörk í samskiptum. Hann glími við ýmislegt tengt [...] og eigi til [...]. Drengurinn sé með [...] að nafni [...] en sé ekki með einkenni hans í dag og læknar telji ekki ástæðu til að óttast. Hann hafi verið með miklar [...] og sé í [...] vegna [...]. Í [...] í vor hafi verið [...] en [...] ekki tekist. Hann muni fara í [...] þar sem reynt verði að [...]. Hann muni mögulega glíma við [...] og óvíst hvort hann þurfi að [...]. Þörf sé á greiningarferli vegna gruns um [...] sem verði síðar. Drengurinn sé vel gefinn og glaðlyndur og námið gangi vel.

Teknar voru lögregluskýrslur af vitnunum U og Ú 4. maí 2022, sem gáfu skýrslur fyrir dómi, en ekki þykir ástæða til að rekja efni þeirra.

## II

### *Skýrslur ákærðu og vitna fyrir dómi*

Ákærði X greindi frá því að hann væri faðir drengsins A sem hefði farið með frænda sínum, E, til Tyrklands árið 2019. Frændinn hefði síðan farið með drenginn til Grikklands án vitundar ákærða. Ákærði kvaðst hafa sagt frændanum að fara með drenginn til bróður ákærða í Svíþjóð til að fá læknisaðstoð. Í Svíþjóð hefði bróðir ákærða sagt að drengurinn fengi ekki læknisaðstoð og því mælt með að drengurinn færi annað. Ákærði kvaðst þá hafa sent drenginn til Íslands vegna upplýsinga um að

á Íslandi væri góð heilbrigðisþjónusta. Ákærði Z, bróðursonur ákærða, hefði verið í Þýskalandi á leið til [...] og kvaðst ákærði hafa skrifað undir umboð svo hann gæti ferðast með drenginn til Íslands. Þegar ákærði hefði frétt að drengurinn hefði verið tekinn af íslensku yfirvöldum hefði hann farið frá [...] til að leita hans. Ákærði kvaðst hafa verið í mjög litlum samskiptum við drenginn og frændann í Grikklandi, þar sem þeir hefðu dvalist í um tvö ár, eða um einu sinni í mánuði. Aðspurður kvaðst ákærði ekki hafa vitað mikið um ástand drengsins, frændinn hefði sagt að drengurinn fengi lækniástoð. Aðspurður kvað ákærði ástand og aðstæður drengsins í Svíþjóð hafa verið miklu betri og hafa hringt oftast þangað, en drengurinn hefði dvalið þar í þrjú til fjóra mánuði hjá bróður ákærða, D. Aðspurður hvers vegna drengurinn hefði ekki fengið aðstoð í Svíþjóð sagði ákærði ekki hafa vilja sækja þar um hæli fyrir hann. Spurður hvort ákærði héldi að þar væri slæm heilbrigðisþjónusta sagði hann að sér hefði verið sagt að þar væru börnin tekin af fólki. Ákærði kvaðst ekki vita hvort drengurinn hefði sótt leikskóla eða skóla þessi þrjú ár. Ákærði kvaðst aðspurður hafa verið ósáttur við dvöl drengsins í Grikklandi og Svíþjóð og hafa talað um við E að hann ætti að koma með drenginn til [...]. E hefði sagt að ekki væri unnt að útvega vegabréf og ferðaskjöl. Ákærði kvaðst aðspurður hafa verið í ferðabanni í Egyptalandi og því ekki hafa getað sótt drenginn. Ákærði kvaðst aðspurður hafa fengið ferðaleyfi nú fyrir pílgrímsferð til Sádi-Arabíu og því komist til Íslands. Varðandi ferð ákærða Z og drengsins til Íslands sagði ákærði að hann og eiginkona hans hefðu gefið ákærða Z umboð í [...] til að ferðast með drenginn til Íslands. Ákærði Z hefði ekki viljað gera það í fyrstu. Ákærði kvaðst aðspurður ekki vita hver hefði pantað eða borgað fyrir flugmiðana eða skipulagt ferðina til Íslands. Ákærði kvaðst ekki vita til þess að drengurinn hefði orðið fyrir vanrækslu eða ofbeldi í Grikklandi eða Svíþjóð og síðast hafa séð hann 1. júlí sl.

Ákærði kvaðst aðspurður hafa farið með um [...] mánaða drenginn veikan með [...] á spítala í [...] en rannsókn hefði leitt í ljós að ekki væri til lækning og hann þyrfti að fara erlendis. Ákærði kvaðst aðeins hafa haft efni á að fara þrisvar sinnum með drenginn á spítala í [...]. Ákærði kannaðist við að hafa sent drenginn til Tyrklands í lækningaskyni en hafa átt von á að ferðin yrði stutt. Ákærði kvaðst vera [...]. Ákærði kvaðst aðspurður hafa skrifað upp umboðið ásamt móður drengsins sem hefði verið vottað af dómstóli.

Beðinn um að lýsa sjúkdómi drengsins kvað ákærði hann hafa [...] en ekki hefði fengist sjúkdómsgreining í [...]. Ákærði kvaðst hafa fengið þær upplýsingar á spítala á [...] að drengurinn væri með [...], þegar drengurinn hefði verið [...] mánaða. Hann hefði sent drenginn til Tyrklands til að fá að sjúkdóminn staðfestan. Ákærði kvaðst hafa sagt ákærða Z að fara með drenginn til Íslands til að fá lækni meðferð og til að fá að vita hvað væri að honum. Ákærði kvaðst vera að sækja um fjölskyldusameiningu. Ákærði kannaðist ekki við að hafa beðið ákærða Z að fara með drenginn til Íslands til fá landvistarleyfi svo að restin af fjölskyldunni gæti komið þangað og kvaðst ekki hafa viljað fara frá [...]. Hann hefði viljað vita hvað amaði að drengnum vegna hinna barnanna til að þau gætu fengið aðstoð. Ákærði kvaðst hafa sent öll læknisfræðileg gögn frá [...] og [...] með drengnum.

Ákærði Z kvað drenginn A vera frænda sinn. Ákærði kvaðst hafa farið með drenginn frá Svíþjóð 27. apríl og komið til Íslands daginn eftir. Ákærði kvaðst hafa farið til [...] vegna veikinda móður og búið í sama húsi og ákærði X, sem hefði beðið ákærða um að fara með drenginn til Íslands frá Svíþjóð til að fá aðstoð. Ákærði kvaðst fyrst hafa neitað því en hafa svo samþykkt það svo drengurinn fengi lækni aðstoð og betra líf á Íslandi. Ákærði X hefði afhent ákærða undirritað umboð í [...] og sagt að drengurinn væri með vegabréf og læknisgögn. Aðspurður hver hefði bókað flugmiðana og skipulagt ferðina sagði ákærði að frændi sinn í Svíþjóð og ákærði X hefðu talað saman, látið ákærða fá flugmiða og sagt að hann ætti að stoppa nótt í Danmörku og fara þaðan til Íslands en hann vissi ekkert frekar. Aðspurður hvað ákærði hefði ætlað að gera við drenginn hefði barnavernd ekki tekið hann í sína umsjá við komuna til landsins sagði ákærði planið hafa verið að sýna pappíra, sækja um hæli og setja drenginn í hendur fólks til að fá lækni aðstoð.

Ákærði kannaðist ekki við að hafa sagt hjá lögreglu við komuna til landsins að hann hefði ferðast með drenginn í þrjú ár enda hefði hann hitt drenginn daginn áður. Ákærði kvaðst hafa afhent öll gögn á flugvellingum, afrit af vegabréfum og læknisvottorð og hafa sagt að drengurinn væri frændi sinn. Aðspurður hvers vegna ákærði hefði ekki framvísað lögætum skilríkjum við komuna til landsins kvað hann sér hafa verið sagt að hann ætti ekki að afhenda þau því þá væri hægt að senda hann til baka. Ákærði kvaðst ekkert hafa vitað um drenginn aðspurður um hvort drengurinn hefði verið vannærður eða illa haldinn er ákærði hitti hann í Svíþjóð. Aðspurður hvaða sjúkdómi ákærði hefði haldið að drengurinn þjáðist af kvað hann hafa verið sagt að

[...]. Ákærði kannaðist við að eitthvað hefði verið talað um [...]. Ákærða kvaðst líða mjög vel á Íslandi, vera að byggja upp nýtt líf og eiginkonan komin til landsins. Drengurinn fengi nauðsynlega [...] og væri kominn [...].

Ákærði kannaðist við að hafa gefið lögregluskýrslur vegna málsins. Ákærði var spurður um að hafa sagt í lögregluskýrslu 9. maí 2022 að í Svíþjóð hefði drengurinn ekki fengið að borða og drekka og hefði verið látinn sofa á gólfinu. Ákærði kvaðst ekki muna hvort þetta væri rétt eftir sér haft því hann hefði verið 12 daga í einangrun. Borið var undir ákærða að sama hefði verið eftir honum haft í síðari lögregluskýrslu en hann kvaðst ekki muna eftir því. Ákærði kvaðst ekki vita hvað hann hefði sagt er borið var undir hann að hafa sagt hjá lögreglu 9. maí 2022 að það hefði verið ódýrara að fljúga frá Danmörku og hann verið að spara. Ákærði kannaðist ekki við að hafa verið með í ráðum við bókun flugmiða og kvaðst hafa fengið allt sent í síma. Ákærði kannaðist við að hafa sagt hjá lögreglu að þeir hefðu verið heppnir að ekkert hefði verið athugað með þá í Danmörku. Aðspurður hvað ákærði héldi að hefði þá gerst svaraði hann því til að ekkert hefði gerst því hann hefði verið með umboð, vegabréf og alla pappíra. Þá kannaðist ákærði ekki við að hafa greint frá því hjá lögreglu að frændi hans í Svíþjóð hefði sagt að ákærði yrði að segja að hann hefði verið með drenginn í þrjú ár og að hann mætti ekki framvísa neinum pappírurum.

Vitnið U, sem staðfesti efni og undirritun bréfs á ensku um ástand drengsins A greindi frá því að hún hefði annast hann í þrjú daga fyrir tveimur árum að beiðni félagsþjónustu. Ástand hans hefði verið mjög slæmt og greinilegt að hann hefði verið beittur andlegu og kynferðislegu ofbeldi. Drengurinn hefði verið með [...], [...], [...], [...], ekki [...], [...]. Hann hefði ekki getað sagt skýrt frá en sagst vera veikur og hafa farið til læknis í [...] en lítið getað sagt frá fjölskyldu sinni á [...]. Aðspurð sagði hún drenginn hafa sagt að þeir hefðu búið í tjaldi í Grikklandi sem hefði verið læst og hann skilinn eftir. Drengurinn hefði flakkað milli tveggja fjölskyldna í Svíþjóð og verið beittur líkamlegu ofbeldi, auk þess sem hann hefði nafngreint H, fullorðinn einstakling sem hefði beðið drenginn um að sjúga sig en annar aðili hefði káfað á drengnum. Vitnið kvaðst kannast við að hafa skrifað undir umboð þegar eiginmaður hennar hefði komið með börn þeirra til Íslands en kvaðst ekki geta staðfest að það væri sambærilegt umboði því sem fyrir lægi í málinu til handa ákærða Z vegna drengsins.

Vitnið Ú, sem staðfesti efni og undirritun bréfs á ensku um ástand drengsins A, sagði drenginn hafa dvalið hjá þeim nokkra daga er hann var nýkominn til landsins. Aðspurður um ástand drengsins kvað vitnið hafa verið augljóst að eitthvað væri að honum andlega en hann hefði átt erfitt með að tjá sig og verið kvíðinn. Drengurinn hefði lýst erfiðum aðstæðum í Grikklandi og að hann hefði verið skilinn eftir í læstu tjaldi. Þá hefði drengurinn sagst hafa orðið fyrir kynferðisofbeldi í Svíþjóð af hálfu einstaklings að nafni H sem hefði beðið drenginn um að sjúga sig. Drengurinn hefði greint frá því að þetta hefði gerst í nokkur skipti að kvöldlagi en verið hræddur því viðkomandi hefði hótað að drepa drenginn ef hann segði frá. Drengurinn hefði reynt að klæða barn vitnisins úr fötunum og hefði drengurinn talið um eðlilega hegðun að ræða þegar vitnið og eiginkona hans hefðu rætt við hann, en drengurinn hefði sagt að þetta hefði verið gert við hann. Drengurinn hefði greint frá líkamlegu ofbeldi af hálfu allra ættingja í Svíþjóð.

Vitnið L, fyrrum deildarstjóri félagsþjónustu [...], staðfesti efni og undirritun greinargerðar, dags. 4. ágúst 2022. Greindi hún frá því að drengurinn hefði verið vanræktur, illa staddur andlega og mjög óruggur við komuna til landsins. Það hefði tekið tíma að átta sig á hversu alvarlegt ástandið hefði verið og fljótlega hefðu komið upplýsingar um að hann hefði orðið fyrir töluverðu ofbeldi á ferðalagi sínu til Íslands.

Vitnið R, félagsráðgjafi hjá [...], staðfesti efni tölvupósts frá 14. desember 2022. Hann kvaðst hafa hitt drenginn A við komuna til landsins en hann hefði verið í fylgd ungs manns sem ekki hefði verið forsjáraðili. Það hefði verið augljóst að drengurinn hefði verið undirbúinn fyrir það að segja að hann vissi ekkert. Samkvæmt upplýsingum fylgdarmanns hefðu þeir farið frá [...] árið 2019 en vitnið kvað tengsl þeirra ekki verið þess eðlis að þeir hefðu verið saman í þrjú ár á ferðalagi. Daginn eftir hefði grunur lögreglu verið staðfestur og fylgdarmaðurinn handtekinn en drengurinn hefði farið á neyðarheimili í nokkra daga. Þar hefði drengurinn greint frá slæmum aðstæðum í Grikklandi og Svíþjóð. Ekkert hefði bent til að drengurinn hefði farið til læknis á ferðalaginu þótt greint hefði verið frá því að hann ætti við veikindi að stríða. Drengurinn hefði verið mjög vanræktur og markalaus, [...] og þurft að [...], auk þess sem hann hefði verið með [...] og vandamál varðandi [...], en hann hefði farið í aðgerð sem hefði misheppnast. Erfitt hefði verið að fá upplýsingar frá honum um foreldra og kvaðst vitnið telja að samskipti drengsins við þau hefðu verið takmörkuð. Það hefði verið alvarlegt hversu lengi drengurinn hefði dvalið í Svíþjóð án þess að

vera skráður inn í landið og hann því ekki farið í skóla. Barnaverndarþjónusta [...] færi með forsjá drengsins í dag því hann hefði komið til landsins sem fylgdarlaust barn. Hann væri fyrir [...] á góðu fósturheimili og blómstraði þar. Vitnið kvaðst ekki vita með umgengni drengsins við foreldra en vita að faðir hefði farið [...] í eitt skipti en hefði ekki viljað taka drenginn af fósturheimili.

Vitnið T, félagsráðgjafi hjá [...], sem staðfesti efni og undirritun greinargerðar, dags. 13. nóvember 2023, kvaðst hafa tekið við máli drengsins A er hann hefði farið til fósturforeldra á [...], þar sem hann búi enn. Ástand drengsins hefði borið merki vanrækslu, hann hefði verið mjög [...], [...] og þurft að fara í [...] til að fá [...] en hann væri með [...]. Grunur hefði verið um [...] en það hefði þurft að [...] og hann aðeins [...]. Mikill árangur hafi náðst því drengurinn sé vel gefinn og fljótur að læra, glaður og kurteis. Hann [...], sem komi í bylgjum, og það hafi þurft að kenna honum [...]. Til standi að senda hann í greiningu vegna gruns um [...] eða [...]. Drengurinn virðist hafa verið í einhverjum samskiptum við föður á ferðalaginu en hafi ekki viljað tala við móður í myndsamtali. Illa hefði gengið í myndsamtali við föður fljótlega eftir að faðir kom til landsins því drengurinn talaði ekki [...], sem virtist hafa komið föður á óvart. Faðir virtist ekki hafa áttað sig á að drengnum hafi þótt erfitt að hafa viðstadda fjölskyldumeðlimi sem drengurinn hvorki þekkti né skildi og valdið óöryggi hjá honum. Vitnið kvað það hafa verið sína hugmynd að faðir hitti drenginn fyrir [...] og sú umgengni hefði verið mjög gleðileg fyrir þá báða þótt tengsl þeirra hefðu ekki verið mjög sterk. Mikilvægt væri að drengurinn þekkti fjölskyldu sína þótt óskastaðan væri sú að hann yrði áfram í vistun þar sem stöðugleiki væri mikilvægur.

Lögreglumaður nr. V, sem staðfesti frumskýrslu sína í málinu, kvaðst hafa fengið tilkynningu um ungan dreng með barn með sér en óskýrt hefði verið hverju væri verið að óska eftir. Samskipti hefðu gengið illa vegna tungumálaörðugleika en komið hefði í ljós að hann hefði verið að reyna að óska eftir hæli. Tengsl hans við barnið hefðu virst lítil. Vitnið kvaðst hafa leikið við barnið meðan strákurinn var í skýrslutöku en þá hefði komið allt önnur saga hjá barninu sem hefði talað sænsku. Kvaðst vitnið ekki muna orðrétt hvernig frásögn um vergang með drenginn í þrjú ár hefði verið, en muna að honum hefði ekkert fundist passa í frásögninni, auk þess sem drengurinn og barnið hefðu ekki talað saman á sænsku. Aðspurður hvort það gæti hafa verið misskilningur að ákærði Z hefði sagst hafa verið með drenginn í þrjú ár, en hann hefði neitað því fyrir dómi, kvaðst vitnið efast um það en hann hefði talað einhverja

ensku, auk þess sem Google væri með [...]. Vitnið kvaðst ekki muna hvort þetta hefði komið fram við samtal uppi eða niðri í flugstöðinni og ekki geta fullyrt að túlkur hefði verið viðstaddur en þetta hefði verið skráð í skýrsluna. Í kjölfarið hefði verið tekin skýrsla af rannsóknarlögreglumanni með túlki.

Rannsóknarlögreglumaður nr. Y, sem staðfesti skýrslur sínar í málinu, kvaðst hafa tekið þrjár skýrslur af ákærða Z og skýrslur af ákærða X auk vitnaskýrslna og haldið utan um rannsókn málsins, m.a. aflað gagna frá barnavernd. Frumskýrsla með upphafsviðtölum hefði legið fyrir þegar hún hefði tekið við málinu.

Lögreglumaður nr. Ý staðfesti efni og undirritun upplýsingaskýrslu um þýðingu á bréfi fósturforeldra drengsins A af ensku yfir á íslensku, dags. 5. maí 2022.

Rannsóknarlögreglumaður nr. Þ, sem staðfesti efni og undirritun skýrslu, dags. 28. apríl 2022, þar sem fram kemur að símatúlkað hafi verið á [...] kvaðst hafa talað við drenginn og ákærða Z á flugvellingum en ákærði hefði þá verið búinn að sækja um hæli. Kvaðst hann hafa talað við þá hvorn í sínu lagi en framburðum þeirra hefði ekki borið saman. Daginn eftir hefðu komið upplýsingar frá drengnum sem hefðu leitt til þess að ákveðið hefði verið að skoða mögulegt mansal og maðurinn verið handtekinn. Kvaðst hann minna að símatúlkur hefði verið til staðar í viðtalinu á flugvellingum. Ákærði Z hefði sagst hafa ferðast um Grikkland, Tyrkland, Þýskaland, Svíþjóð og Danmörku en óskað hefði verð eftir að hann sýndi fram á það. Hann hefði þá borið því við að hafa týnt símanum. Drengurinn hefði aðeins sagst vita að maðurinn hétí Z.

### III

*Niðurstæða*

*Ákæruliður I*

*Frávísunarkrafa*

Í málinu er ákærða gefið að sök barnaverndarlagabrot með því að hafa frá árinu 2019 allt til 28. apríl 2022, sem forsjár- og umönnunaraðili sonar síns, A, fd. 1[...], ríkisborgara [...], vanrækt A andlega og líkamlega svo heilsu hans var hætta búin, sýnt honum vanvirðandi háttsemi og sært hann, en ákærði sendi A frá [...] árið 2019 og vissi að hann dvaldi í kjölfarið með skyldmönnum við bágbornar aðstæður í Grikklandi og Svíþjóð allt til 28. apríl 2022, en þrátt fyrir að A hafi á þessu tímabili ekki fengið viðhlítandi lækniþjónustu eða aðstoð við [...] og [...], hann hafi aldrei fengið að fara í leikskóla eða grunnskóla og hann hafi búið við vanrækslu og ofbeldi af hálfu skyldmenna, kom ákærði A ekki til aðstoðar, heldur lét sér velferð og aðbúnað

hans í léttu rúmi liggja, þó svo að hann hefði vitað hvar A væri og haft möguleika á að vera í samskiptum við A og þá aðila sem hann dvaldi hjá. Háttsemi ákærða er talin varða við 98. gr. og 1. og 3. mgr. 99. gr. barnaverndarlaga nr. 80/2002.

Ákærði X krefst aðallega frávísunar málsins frá dómi á grundvelli 2. tölul. 1. mgr. 5. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940. Samkvæmt ákvæðinu skal refsá íslenskum ríkisborgurum og mönnum búsettum á Íslandi eftir íslenskum hegningarlögum fyrir verknað framinn erlendis ef brotið er framið á stað sem refsivald annars ríkis nær til að þjóðarétti og var þá jafnframt refsivert eftir lögum þess ríkis. Ákærði bendir á að ákærvaldið hafi hvorki lagt fram gögn um að meint brot séu refsiverð þar sem þau áttu sér stað né hvort brotið hafi verið refsivert samkvæmt [...] lögum, sem sé heimaríki sakbornings, sbr. 1. tölul. sama ákvæðis. Ákærvaldið hafi enda ekki rannsakað málið að þessu leyti áður en ákæra var gefin út. Fyrir liggja fullgilt umboð til ákærða Z til að ferðast með drenginn A sem og heilsufarsupplýsingar. Þá sé verknaðarlýsing ákæru ófullnægjandi og uppfylli ekki skilyrði c-liðar 1. mgr. 152. gr. laga um meðferð sakamála en verknaðarlýsing byggir á ósönnuðum atburðum sem ekki hafi verið rannsakaðir, sem einnig leiði til frávísunar.

Af hálfu ákærvaldsins er frávísunarkröfu mótmælt. Er á því byggt að refsilögsaga íslenska ríkisins nái yfir háttsemi ákærða og að honum verði refsáð samkvæmt íslenskum lögum en 4.–6. gr. almennra hegningarlaga eigi við í ljósi alvarlegrar vanrækslu foreldris á barni sem náði yfir langt tímabil allt til þess er drengurinn kom til Íslands. Í 6. gr. laganna sé vísað til sjónarmiða varðandi það að vernda eigi hagsmuni barna. Ákærði og drengurinn séu báðir búsettir hér á landi. Refsiregla 6. gr. laganna kveði á um að refsá skuli samkvæmt íslenskum hegningarlögum fyrir brot sem talin eru upp í 24 töluliðum, enda þótt brotið sé framið utan íslenska ríkisins og án tillits til hver veldur því, en 2., 9., 19., 20. og 23. tölul. eigi við um ákærða og hann verði því saksóttur hér á landi.

Ekki verður annað ráðið en að ákvæði 1.–3. tölul. 6. gr. almennra hegningarlaga sé ætlað að vernda íslenska hagsmuni gegn afbroti sem framið er erlendis og skipti þá ekki máli hvort brotamaður sé íslenskur eða erlendur ríkisborgari. Eins og atvikum háttar í máli þessu er ekki fallist á að um íslenska hagsmuni hafi verið að ræða á þeim tíma er meint brot áttu sér stað og af þeim sökum eigi 2. tölul. 6. gr. ekki við í málinu. Ekki verður heldur séð að 9. tölul. geti átt við en mál samkvæmt honum skal aðeins höfða eftir fyrirskipun ráðherra. Þá eiga 19. og 20. tölul. 6. gr.

augljóslega ekki við málinu að mati dómsins en samkvæmt 19. tölul. skal refsað fyrir háttsemi sem greinir í samningi Sameinuðu þjóðanna gegn fjölþjóðlegri skipulagðri brotastarfsemi frá 15. nóvember 2000 og samkvæmt 20. tölul. skal refsað fyrir háttsemi sem greinir í Evrópusamningi um aðgerðir gegn mansali. Að lokum er ekki fallist á að 23. tölul. eigi við í málinu en samkvæmt honum skal refsað fyrir háttsemi sem greinir í samningi Evrópuráðsins um forvarnir og baráttu gegn ofbeldi gegn konum og heimilisofbeldi frá 11. maí 2011, en ekki er ákært fyrir slíka háttsemi. Þá er ljóst að 3. mgr. 5. gr. almennra hegningarlaga sem felur í sér undantekningu frá skilyrði 2. tölul. 1. mgr. sömu greinar um gagnkvæmt refsinaemi brota sem íslenskir ríkisborgara og menn, búsettir hér á landi, fremja erlendis, á ekki við í málinu þar sem ákærði var hvorki búsettur hér á landi á verknaðarstundu né eru brotin sem hann er ákærður fyrir meðal þeirra sem talin eru upp í ákvæðinu.

Eins og ráðið verður af framansögðu verður lagt til grundvallar að ætluð brot ákærða hafi veið framin á stöðum sem refsivald annarra ríkja nær til að þjóðarétti, sbr. 2. tölul. 1. mgr. 5. gr. almennra hegningarlaga. Aðalkrafa ákærða um frávísun málsins er að lögregla hafi hvorki rannsakað né lagt fram þau ákvæði erlendra laga sem ætluð háttsemi hans geti hafa varðað við.

Að mati dómsins ber verknaðarlýsing ákæru ekki með sér að litið sé svo á af hálfu ákæruvaldsins að refsing vegna háttsemi ákærða sé bundin við afleiðingar verknaðar, enda var hvorki um það fjallað af hálfu ákæruvaldsins né vísað til 7. gr. almennra hegningarlaga. Samkvæmt gögnum málsins og dómsvætti vitna þykja að mati dómsins hafa verið færð sannfærandi rök fyrir því að drengurinn A hafi verið vanræktur andlega og líkamlega svo heilsu hans hafi verið hætta búin frá þeim tíma er ákærði sendi drenginn frá [...] árið 2019 til Grikklands og Svíþjóðar, allt þar til hann kom til Íslands í apríl 2022 og íslensk barnaverndaryfirvöld yfirtóku forsjá hans. Gögn málsins bera heldur ekki með sér að mati dómsins heilsufar drengsins hafi verið með þeim hætti er ákærði hefur lýst. Aðstæður í máli þessu eru sérstakar en ákærði bjó í [...] á þeim tíma sem hann er ákærður fyrir en drengurinn varð fyrir brotunum er hann dvaldi í Grikklandi og Svíþjóð. Þrátt fyrir augljósa vanrækslu ákærða þarf ákæruvaldið samkvæmt 2. tölul. 1. mgr. 5. gr. almennra hegningarlaga að sýna fram á að brotið hafi verið refsivert eftir lögum þess ríkis þar sem það var framið. Ekki liggja fyrir gögn frá þar til bærum yfirvöldum þar sem staðfest er að háttsemin sem í ákæru greinir sé refsiverð eftir grískum eða sænskum lögum, eða eftir atvikum [...]

lögum, sbr. 1. tölul. sama ákvæðis. Hefði ákærvaldinu verið í lófa lagið að afla slíkra gagna til að sýna fram á að skilyrði ákvæðisins hafi verið uppfyllt.

Þar sem engin slík gögn liggja fyrir í málinu er það mat dómsins að taka beri aðalkröfu ákærða til greina og vísa ákærulið I frá dómi. Í ljósi þessarar niðurstöðu þykir ekki ástæða til að fjalla um þá frávísunarkröfu að ákæra hafi ekki uppfyllt c-lið 1. mgr. 152. gr. laga nr. 88/2008 um meðferð opinberra mála.

### *Ákæruliður II*

Ákærða Z er gefið að sök brot gegn lögum um útlendinga, með því að hafa skipulagt, flutt og aðstoðað ólögráða frænda sinn, A, fæddan 1. [...], ríkisborgara [...], við að koma ólöglega til Íslands. Ákærði sótti A á dvalarstað hans í [...] í Svíþjóð, fór með hann til Kaupmannahafnar og ferðaðist þaðan með hann til Íslands þann 28. apríl 2022, en eini tilgangur ákærða með ferðinni var að sækja um alþjóðlega vernd fyrir A og sjálfan sig hér á landi. Við afskipti lögreglu í Flugstöð Leifs Eiríkssonar framvísaði ákærði vísvitandi ekki vegabréfum sínum eða A eða öðrum lögmætum skilríkjum, en þau reyndust falin í ferðatösku hans. Er háttsemin talin varða við f-lið 2. mgr. 116. gr. laga um útlendinga nr. 80/2016 en samkvæmt því ákærði varðar það sektum eða fangelsi allt að tveimur árum ef maður af ásetningi eða stórfelldu gáleysi aðstoðar útlending við að koma ólöglega hingað til lands eða til annars ríkis. Ákærði neitar sök.

Er óumdeilt í málinu að ákærði framvísaði ekki vegabréfum sínum eða drengsins eða öðrum lögmætum skilríkjum við komuna til landsins. Reyndust þau falin í ferðatösku en þau fundust ekki fyrr en 4. maí 2022 er ákærði var í gæsluvarðhaldi. Er ekki fallist á að aðstæður hafi verið þær að ákærði hafi verið að ferðast beint frá landi þar sem lífi hans eða frelsi hafi verið ógnað en hann hafði fengið vernd í Grikklandi, auk þess sem hann kom frá Svíþjóð til Íslands, sbr. til hliðsjónar dóm Hæstaréttar 9. júní 2016 í máli nr. 86/2016. Þá er því hafnað að líkur hafi staðið til þess að drengurinn A gæti komið til landsins án aðstoðar ákærða eða að meintu broti hans hafi ekki verið lýst nægilega í ákæru og aðstæður því aðrar en í dómi Héraðsdóms Reykjaness 25. janúar 2021 í máli nr. S-2303/2020.

Ákærði kannaðist hvorki við fyrir dómi að hafa sagt hjá lögreglu við komuna til landsins að hann hefði ferðast með drenginn í þrjú ár né að hafa sagt að frændi hans í Svíþjóð hefði sagt að ákærði yrði að segja að hann hefði verið með drenginn frá því hann fór frá [...] og að ákærði mætti ekki framvísa neinum pappírnum. Fyrir dómi sagðist ákærði ekki vita hvað hann hefði sagt í lögregluskýrslu 9. maí 2022 um að

reynt hefði verið að spara bæði í lestarkostnaði og flugmiðum og keyptir flugmiðar til Íslands þann 28. apríl 2022 frá Danmörku því það hefði verið ódýrara. Ákærði kannaðist ekki við að hafa verið með í ráðum við bókun flugmiða og kvaðst hafa fengið allt sent í síma. Ákærði kannaðist við að hafa sagt hjá lögreglu að þeir hefðu verið heppnir að ekkert hefði verið athugað með þá í Danmörku en gat ekki gefið neina sannfærandi skýringu á því fyrir dómi hvað hann héldi að hefði gerst við þær aðstæður.

Í málinu liggja fyrir framburðarskýrslur lögreglu af ákærða og vitnum auk annarra rannsóknargagna. Lögreglumaður sá sem ritaði frumskýrslu staðfesti hana fyrir dómi, en þar kom fram að ákærði hefði haldið því fram að hafa ferðast með drenginn í þrjú ár. Greindi hann frá því að hann gæti ekki fullyrt að símatúlkur hefði verið notaður en það hefði verið augljóst að frásögn ákærða og drengsins bar ekki saman um að þeir hefðu verið saman á ferðalagi í þrjú ár. Til þess er að líta að rannsóknarlögreglumaður tók skýrslu af ákærða í beinu framhaldi sama dag og staðfesti hana fyrir dómi. Kvaðst hann minna að símatúlkur hefði verið viðstaddur en skráð er í skýrsluna að svo hafi verið. Hélt ákærði sig við sömu frásögn í þeirri skýrslu og í frumskýrslu. Í þriðju lögregluskýrslu, þann 3. maí 2022, sem tekin var af ákærða að viðstöddum túlki var framburður ákærða sá sami um að hafa haft drenginn í þrjú ár. Kvaðst hann hafa farið með drenginn frá Tyrklandi til Grikklands og hafa skilið hann eftir hjá frænda í Svíþjóð þegar hann fór til [...] til að gifta sig. Að mati dómsins verða framangreindar skýrslur í ljósi framburða lögreglumanna þeirra sem gáfu skýrslu fyrir dómi metnar réttar að því leyti sem haft var eftir ákærða. Ákærði greindi einnig frá því í skýrslu hjá Útlendingastofnun 19. maí 2022 að hafa ferðast í gegnum Kaupmannahöfn frá Svíþjóð því það hefði verið ódýrast að fljúga frá Danmörku. Þá hefur ákærði reynst missaga og er ekki metið trúverðugt að hann hafi ekki vitað hvað hann var að segja í lögregluskýrslu þann 9. maí 2022 varðandi undirbúning ferðarinnar til Íslands og kaup á flug- og lestarmiðum í því skyni.

Gögn málsins benda ótvírætt til þess að ákærði hafi komið að undirbúningi og skipulagningu ferðarinnar til Íslands. Ákærði framvísaði vísitandi ekki vegabréfum sínum eða drengsins A eða öðrum lögmætum skilríkjum við komuna til landsins, sem reyndust falin í ferðatösku hans. Þá er framburður ákærða hjá lögreglu í ýmsum atriðum ótrúverðugur, misvísandi og í ósamræmi við framburð ákærða fyrir dómi sem og annarra vitna. Með vísan til 108., sbr. og 109., gr. laga nr. 88/2008 um

meðferð sakamála er hafið yfir skynsamlegan vafa að ákærði hafi gerst sekur um þá háttsemi sem í ákæru greinir og er þar réttilega heimfærð til refsíákvæða.

#### IV

##### *Refsiviðurlög og sakarkostnaður*

Samkvæmt fyrirbyggjandi upplýsingum í málinu hefur ákærði Z gerst sekur um brot gegn lögum um útlendinga í Þýskalandi en engra gagna nýtur við um refsiverða háttsemi hér á landi. Þykir refsing ákærða hæfilega ákveðin fangelsi í fjóra mánuði, en eftir atvikum þykir mega fresta fullnustu þriggja mánaða af refsingunni, svo sem nánar greinir í dómsorði. Til frádráttar refsingunni kemur að fullri dagatölu gæsluvarðhald sem ákærði sætti frá 29. apríl til 19. maí 2022.

Í ljósi framangreindrar niðurstöðu, sbr. 2. mgr. 235. gr. laga nr. 88/2008, greiðist allur sakarkostnaður vegna ákærða X úr ríkissjóði, þ.m.t. málsvarnarlaun skipaðs verjanda hans, Gunnhildar Pétursdóttur lögmans, 1.289.600 krónur, auk aksturskostnaðar að fjárhæð 10.998 krónur og útlagðs kostnaðar vegna túlkapjónustu 188.046 krónur. Með vísan til 1. mgr. 235. gr. sömu laga dæmist ákærði Z til greiðslu alls sakarkostnaðar, þ.m.t. málsvarnarlauna skipaðs verjanda, Guðbrands Jóhannessonar lögmans, 1.225.120 krónur. Málsvarnarlaun eru í báðum tilvikum ákveðin að meðtöldum virðisaukaskatti, að virtu umfangi og eðli máls og með hliðsjón af tímaskýrslum. Annar sakarkostnaður nemur 44.460 krónum vegna reiknings með gjalddaga 10. júní 2022 en ekki kemur fram hvers vegna sá reikningur er eða frá hvorum ákæruliðnum hann stafar, auk þess sem ekki var gerð grein fyrir því við aðalmeðferð málsins. Greiðist sá kostnaður því af ríkissjóði.

María Thejll héraðsdómari kveður upp dóm þennan. Gætt var að 1. mgr. 184. gr. laga nr. 88/2008 um meðferð sakamála fyrir uppkvaðningu dóms.

#### **Dómsorð:**

Ákærulið I er vísað frá dómi.

Ákærði Z sæti fangelsi í fjóra mánuði, en fresta skal fullnustu þriggja mánaða af refsingunni og hún falla niður að liðnum tveimur árum frá birtingu dóms þessa haldi ákærði almennt skilorð 57. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940. Til frádráttar refsingunni kemur gæsluvarðhald ákærða frá 29. apríl 2022 til 19. maí 2022.

Ríkissjóður greiði málsvarnarlaun Gunnhildar Pétursdóttur lögmanns, 1.289.600 krónur, auk aksturskostnaðar verjanda, 10.998 króna, og útlagðs kostnaðar verjanda vegna túlkaþjónustu, 188.046 króna, auk útlagðs kostnaðar, 44.460 króna.

Ákærði Z greiði málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Guðbrands Jóhannessonar lögmanns, 1.225.120 krónur.

María Thejll